

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1409
komudagur 17.3.2004



Iðnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 16. mars 2004
Tilvísun: 2004030032/10.20
HrH/BH
Tilv. ykkar: 04.03.2003

Efni: Vetnisráð, 452. mál. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun vetnisráðs.

Í tillögunni er lagt til að skipað verði vetnisráð til fjögurra ára í senn, til ráðgjafar og upplýsinga varðandi þróun vetnismála. Fulltrúar verði níu talsins, og fylgir þingsályktuninni tillaga um þá aðila sem skuli skipa í ráðið.

Vegagerðin telur að ráð sem þetta sé einungis af því góða, og fyllilega tímabært að skapa slíkan vettvang fyrir þennan mikilvæga málaflokk. Þar eð einna mesta áherslan hefur verið lögð á notkun vetnis í samgöngum, bæði héraendis og erlendis, vekur þó nokkra athygli að ekki er reiknað með neinum fulltrúa tengdum þeim málaflokki.

Virðingarfyllt


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri